

10. Bréf dómsmálastjórnarinnar til hins setta amtmanns yfir norður- og austurumdæminu, um silfurbergsnámuna í Helgustaða-fjalli. 1863.
19. febrúarm.

Af meðfylgjandi eptirriti af bænarskrá frá verzlunarhúsinu Örum & Wulff hér í staðnum, sjáid þér, herra amtmáður, að verzlunarhús þetta hefir sótt um að fá til leigu um 5 ár þann hluta af silfurbergsgnámunni í Helgustaðafjalli í landareign jarðarinnar Helgustaða, sem er eign ríkissjóðsins, og rétt til að fá lengdan leigutímann þegar þessi 5 ár eru liðin, en aptur á móti býðst það til að greiða það afgjald árlega, sem stjórnarráðið álíti hæfilegt.

Dómsmálastjórnin hefir fengið álit Havsteins amtmanns um málefni þetta, og skorar nú á yður, svo framarlega sem sá hlutinn af námunni, sem Þórarinn prófastur Erlendsson er eigandi að, verður leigður á þann hátt, sem segir í bænarskránni, að leigja ofangreindu verzlunarhúsi þann hlutann, sem ríkissjóðurinn á, fyrst um sinn um 5 ár fyrir 100 ríkisdala afgjald á ári til umboðssjóðsins og að öðru leyti með þeim skilmálum, sem þér álítið vel eiga við bæði með tilliti til notkunar á námunni og annara atvika, sem þar koma til greina.

Stjórnarráðið biður yður að láta sig síðar vita, hvað þér gjörði í þessu efni.

11. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um styrk til að kaupa bækur handa prestaskólanum. 19. febrúarm.

Út af bænarskrá, sem forstöðumaður prestaskólans í Reykjavík, Pétur prófessor Pétursson, hefir sent beina leið til kirkju- og kennslustjórnarinnar, leyfir stjórnarráðið, að af því fê, sem í

um eðli sjúkdómsins og læknislyfjanna, og um það, hvort lækningar hafi verið við hafðar þá dagana, sem Gísli haldi vatns- og brauðs hegninguna, og ef svo er, á hvern hátt það hafi gjört verið”.